

Mál nr. 251/2006

**G
og
X hf. vegna
ábyrgðartryggingar fyrir atvinnurekstur**

Vinnuslys 1. desember 2004.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23. nóvember 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur frá X hf. dags. 11. desember 2006.

Málsatvik.

Málavextir eru þeir að G var falið af vinnuveitanda sínum, vöruflutningatæki, að sækja stansapressu suður í Garð. Stansapressan, sem er u.þ.b. 400 kg var staðsett í bílskúr. Þegar G kom á staðinn var búið að setja pressuna upp á hjólatrillu. Átti að ýta trillunni að hurðaropi bílskúrsins og hífa hana svo með krana vörubifreiðarinnar upp á pall bifreiðarinnar. Ekki var hægt að draga pressuna beint út þar sem smá brún var við hurðarop bílskúrsins. Þessi aðferð hafði fyrr verið notuð við bílskúr í Keflavík. G var sendur einn á vettvang. G fékk verkkaupa til að aðstoða sig við verkið. Þegar G kom að hurðaropinu stoppaði hann en aðstoðarmenn hans héldu áfram að ýta. G kallaði til þeirra og reyndi að halda við pressuna. Þungi hennar var svo mikill að G féll með pressunni og lenti hún á mjöðm hans og olli honum líkamstjóni.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst að G hafði áður annast flutning á stansapressu. Gögnin benda til þess að G hafi ekki talið sig þurfa aðstoðarmann til að inna af hendi það verk sem honum var falið. G ákvað sjálfur að fá verkkaupa sér til aðstoðar. Ekki verður því séð hvernig óhapp það sem varð megi rekja til atvika sem leiði til skaðabótaábyrgðar vinnuveitanda G.

Niðurstaða.

Ábyrgðartrygging vinnuveitanda G ber ekki ábyrgð á tjóni G.

Reykjavík, 3. janúar 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.